

39. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis haldinn í Glerárskóla 2. 9. 2010.

Mættir: Ingvar Þóroddsson, Berglind Rafnsdóttir, Brynja Sigurðardóttir, Aldís Einarsdóttir og Andrea Waage formaður Foreldrafélags Glerárskóla.

Fundarefni

Hausthátíð 2010 í samvinnu við Foreldrafélag Glerárskóla.

Rætt var um framkvæmd hennar og ýmsar upptakomur á hátíðinni.

Skiptu fundarmenn með sér verkum s.s. að staðfesta ýmsa atburði, ræða við kynni og flr.

Ákveðið var að hittast næst þann 13. sept. til að hnýta alla lausa enda ef einhverjir eru ennþá og til að dreifa auglýsingamiðum sem nefndarmenn ætla að dreifa inná hvert einasta heimili í hverfinu.

Auglýsing á tillögu að deiliskipulagi Fosshlíðar, Mánahlíðar, Sunnuhlíðar og Skarðshlíðar.

Nefndarmenn fjölluðu um tillöguna, engar athugasemdir eru gerðar vegna hennar að svo stöddu.

Hverfisnefnd barst tölvupóstur 17. júlí 2010 frá Katrínu Eiríksdóttur.

Þar lýsir Katrín bágs ástands vegar sem liggur meðfram Glerárholti 1. Formaður hverfisnefndar Ingvar Þóroddsson svaraði póstinum og vísaði erindinu áfram til Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar.

Bílbeltanotkun hjá börnum í hverfinu á leikskólaaldri til og frá leikskólanum þeirra.

Aldís er búin að vera í sambandi við leikskólann Holtakot og er verið að vinna í þessum málum hjá þeim. Mun Aldís fylgja þessu máli eftir.

Næsti fundur hverfisnefndar verður 13. sept. 2010 í Glerárskóla.

Ritað 2. september 2010

Brynja Sig.